AUGLÝSING

um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

2. gr.

Heiti námsbrautar	**Raðnúmer**
Heilbrigðisbraut, stúdent, hæfniþrep 3	(21-516-3-6)
Málm- og véltækni - vélvirkjun, vélvirki, hæfniþrep 3	(21-497-3-8)
Náttúrufræðibraut, stúdent, hæfniþrep 3	(21-515-3-6)
Raungreina- og tæknibraut, stúdent, hæfniþrep 3	(21-517-3-6)
Þjónustutæknabraut, þjónustutæknir hjá heilbrigðisstofnun, hæfniþrep 2	(21-512-2-5)

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 18. október 2021.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Páll Magnússon.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2021